

Nr. 138 / 13 Herjólfur***Skipverji fellur og slasast***

Skipaskr.nr. 2164 IMO nr. 9036088
Smíðaður: Noregi 1992, stál
Stærð: 2222,4 brl. 3354 bt
Mesta lengd: 70,7 m Skráð lengd: 67,6 m
Breidd: 16,0 m Dýpt: 10,7 m
Vél: Man B&W 5400 kw, 1992
Áhöfn: 12
Farþegar:



Herjólfur©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 2. maí 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 8. ágúst 2013 lá Herjólfur við bryggju í Vestmannaeyjahöfn.

Vélstjórar unnu að viðgerðum í vélarúmi og voru að fást við sjódælu þegar annar þeirra rann til í bleytu á vélarúmsgólfinu. Hann fann til eymsla í vinstra hné en hélt áfram vinnu.

Þegar slasaði leitaði læknis kom í ljós að liðþófi í hnénu hafði rifnað.

Við rannsókn kom fram:

- að dælan var rafmagnsdrifin sjódæla fyrir sjókælikerfi vélbúnaðarins og var tengd lögnum undir pöllum og var vélstjórinn að lyfta dælunni upp á pall;
- að sjór og drulla lak úr dælunni á vélarúmsgólfni;
- að slasaði sagði að olía hafi ekki valdið hálkunni heldur hafi sjódrullan gert gólfni hált;
- að hann sagðist hafa verið í góðum skóm.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.